

Ytra mat grunnskóla

Þingeyjarskóli

Vorönn 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Þingeyjarsveit.

Höfundar: Svanfríður Jónasdóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun, 2019

ISBN 978-9979-0-2337-1

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Þingeyjarskóla	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2. Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	15
2.4 Skipulag náms.....	16
2.5 Námsvitund	17
2.6 Ábyrgð og þátttaka	18
Þáttur 3 – Innra mat	19
3.1 Skipulag.....	19
3.2 Framkvæmd.....	19
3.3 Umbætur	19

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Þingeyjarskóla í Þingeyjarsveit, sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú fyrirfram ákveðnir matsþættir sem voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Að ósk skólans var einnig gerð sérstök foreldrakönnun sem send var á alla foreldra um leið og matið fór fram. Óskað var eftir skilum fyrir 3. apríl og var svörun 46%.

Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Í Þingeyjarskóla er ekki kennarastofa, heldur kaffistofa starfsmanna.
- Skólinn býður uppá fjölbreytta sérfræðiþjónustu.
- Séstöðu skólans er haldið á lofti og skólasamfélagið sammála um að hún felist einkum í frábærri tónlistakennslu og flutningi tónlistar.
- Stuðlað er að markvissri starfsþróun og símenntunaráætlun, sem nær til allra starfsmanna, styður við áherslur og stefnu skólans.
- Mikill metnaður og sköpun einkennir undirbúning og uppsetningu hátíða skólans.
- Góð mæting er úr samfélaginu á þá viðburði sem skólinn býður til.
- Eldri borgarar koma reglulega í skólann og nýta sér aðstöðu og félagsskap þar.
- Allir starfsmenn skólans eru þátttakendur í innleiðingur uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga.
- Skólastjóri tekur á móti nemendum á hverjum morgni þegar þeir koma með skólabílum og á við þá jákvæð persónuleg samskipti. .
- Daglegt starf í skólanum er vel skipulagt og starfsfólk er sátt við það.
- Starfslýsingar liggja fyrir þar sem m.a. er fjallað er um helstu verkefni starfshópa innan skólans og verklag.
- Skólastjóri fylgist vel með skólastarfinu og starfsfólk telur sig fá hrós fyrir störf þegar við á.
- Skólastjóri hvetur aðra til starfsþróunar, dreifir ábyrgð og gefur starfshópum/teymum skýrt umboð til að leiða verkefni.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf vinnu við skólanámskrá og birta alla kafla hennar á heimasíðu.
- Birta starfsáætlun á heimasíðu og gæta þess að í henni séu allar þær upplýsingar sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir.
- Ljúka skráningu verklags um hvernig gögn um árangur og líðan, s.s. kannanir og skimanir eru nýtt til að efla árangur nemenda.
- Hafa samráð við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Stefna skólans sé skýrt fram sett, birt á heimasíðu skólans og kynnt markvisst fyrir foreldrum.
- Bæta upplýsingaflæði til foreldra um skólastarfið.
- Styðja betur við starf foreldrafélagsins.
- Heimasíða skólans þarf að innihalda meiri upplýsingar um skólastarfið.
- Ljúka þarf vinnu við skipurit skólans.
- Huga þyrfti betur að skráningu einstakra verkefna og hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra.

- Styrkja þyrfti sjórnendateymi skóla með svo margvíslega starfsemi og krefjandi verkefni.
- Skólaráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Fylgja vel eftir þeirri faglegu umræðu um mat á kennslu og nýbreytni í kennsluháttum sem fram fer í teyllum.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Mikil áhersla á tónlistaruppeldi í skólanum.
- Samvinna er markvisst þjálfuð.
- Mikil áhersla á upplýsingatækni og fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Kennarar starfa í teyllum og er lögð áhersla á að teymin starfi sameiginlega að verkefnum og deili ábyrgð.
- Nemendum er kennt í aldursblönduðum hópum sem undirstrikar að allir eru einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Samstarf við framhaldskólann á Laugum.
- Nemendur skólans hafa náð góðum árangri á samræmdum könnunarprófum.
- Reglulega er boðið uppá nemendasamtöl.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs og um líðan þeirra og félagslegar aðstæður.

Tækifæri til umbóta

- Námaðlögun þyrfti að koma betur fram í stignámskrám.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá eða stignámskrám.
- Hlúa betur að bráðgerum nemendum.
- Gera áætlun um notkun upplýsingatækni og matskvarða um árangur
- Kynna stignámskrár betur fyrir nemendum til að gera þá meðvitaðri í námi.
- Þjálfarar nemendur í að setja sér markmið í námi og þeir taki þátt í að meta eigin framfarir.

Innra mat

Styrkleikar

- Á fundaráætlun fyrir önnina er gert ráð fyrir fundum vegna innra mats.
- Við innra mat er, auk Gæðagreina 2, stuðst við uppgjör á ýmsum verkefnum, s.s. árlegum þemaverkefnum og hátíðum skólans.
- Allt starfsfólk grunnskólans kemur að einhverju leyti að innra matinu.
- Árangur í námi er metinn í teyllum kennara þar sem fagleg umræða fer fram.
- Nemendasamtöl eru regluleg sem og kannanir á líðan og tengslum.
- Að vori hefur verið uppgjör með nemendum, aldursblandað, á því hvernig hefur til tekist; hvað er minnstætt frá vetrinum og þá leitað eftir tillögum þeirra til úrbóta ef þarf.
- Sjálfsmatsskýrsla veturinn 2017 – 2018, sem lýsir mati samkvæmt Gæðagreinum 2, er öllum aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Til er matsáætlun til næstu skólaára.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að skólaráð fjalli um innra mat skólans, matsáætlanir og niðurstöður kannana.

- Val matsþátta þarf að byggjast á stefnu skólans og helstu viðfangsefnum.
- Eftirfylgni umbótaáætlana þarf að vera markvissari og reglulega þarf að fara yfir stöðu þeirra umbótaverkefna sem ráðast átti í skv. þróunaráætlun hvers gæðagreinis
- Tryggja þarf að niðurstöður innra mats séu formlega kynntar fyrir hagsmunaaðilum og að þeir geti tekið virkan þátt í umræðu um þróun og umbætur á skólastarfinu.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Þingeyjarskóla

Þingeyjarskóli er dreifbýlisskóli og samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli. Skólinn varð til árið 2012 við sameiningu grunnskólanna Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla, leikskólanna Barnaborgar og Krílabæjar og tónlistardeildanna sem störfuðu við báða grunnskólana. Árið 2015 flutti öll starfsemin, nema leikskólanna, í húsnæði Hafralækjarskóla. Um leið var farið að nota alfarið nafnið Þingeyjarskóli.

Miklar framkvæmdir hafa verið í skólahúsnæðinu til að bæta aðstæður bæði nemenda og kennara, og ekki öllu lokið enn. Meðal annars er verið að undibúa flutning annars leikskólans í húsnæði Þingeyjarskóla. Bókasafninu var fundinn staður í hjarta skólahússins og er það einnig opið fyrir almenning. Bæði frístund og tónlistarskólinn eru með aðstöðu í skólanum. Íþróttir eru kenndar í Ýdölum, sem er félagsheimili við hlið skólans, og einnig að Laugum. Skólalóðin er stór og umhverfið fjölbreytt.

Einkunnarorði Þingeyjarskóla eru: Ábyrgð, virðing og gleði.

Í grunnskólanum eru 71 nemendur á vorönn 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	3	5	7	14	5	10	6	5	7	9
Fjöldi bekkjardeilda										
Samkennsluhópar, ef við á	1.- 3. bekkur			4. b.	5.-7. bekkur			8.-10. bekkur		

Tveir nemendur eru af erlendum uppruna og fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Nemendur með skilgreinda sérkennslu, einstaklingsnámskrá og/eða aðlagað námsefni, eru 8.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Fjórir nemendur úr 10 bekk eru í enskuáfanga frá Framhaldsskólanum á Laugum. Einnig eru allir nemendur í 8.-10. bekkjar, alls 21 nemandi, í valáfaöngum í Framhaldsskólanum á Laugum

Í Þingeyjarskóla er skólastjóri grunnskóla í 70% starfi en 10% af starfi skólastjóra eru bókfærð á tónlistardeildina og 20% á leikskóladeildirnar tvær. Við skólann starfa 15 kennarar í 10.6 stöðugildum, 11 aðrir starfsmenn, þ.e. skólaliðar/baðverðir, matráðar, húsvörður, stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur eru í 7.33 stöðugildum og þrír sérfræðingar, þ.e. iðjuþjálfari, sérkennari og sálfræðingur, í tveimur stöðugildum.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Þingeyjarskóli er ungur skóli og starfsemin er enn í mótun. Stjórnendur hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna fyrir skólann og að sýn skólans endurspegli áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Einnig stuðla stjórnendur að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og sýn skólans. Framtíðarsýn Þingeyjarskóla er birt í starfsáætlun en þar segir m.a.: *Skólastarfið skal vera markvisst, skapandi og sveigjanlegt og hafa nám, velferð og þroska nemenda í fyrirrúmi.*

Skólanámskrá er enn í mótun og eru sumir kaflar hennar á heimasíðu en aðrir í starfsáætlun. Ljúka þarf þessari vinnu og birta alla kafla skólanámskrár á heimasíðu sem og starfsáætlun hvers árs. Séstöðu skólans er haldið á lofti og skólasamfélagið er sammála um að hún felist einkum í frábærri tónlistakennslu og flutningi tónlistar með marimba, en marimbaleikur er á stundaskrá nemenda í 8. – 10. bekk og hluti af tónmennt á yngsta- og miðstigi. Einn tími í viku, samstund, er tekinn frá þar sem hægt er að kalla alla nemendur saman og nýta fyrir tilfallandi uppákomur eða kynningar. Mikilvægt er að samráð sé haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun og að foreldrum sé markvisst kynnt sýn og stefna skólans.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms og framfara nemenda og hvetja kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms. Hvatt er til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og skipulag auðveldar slíkt samstarf. Stuðlað er að markvissri starfsþróun og símenntunaráætlun, sem nær til allra starfsmanna, styður við áherslur og stefnu skólans. Ætlast er til þess að starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans segi samstarfsmönnum frá námskeiðum á sérstökum fundum eða skili skólastjóra skýrslu sem aðrir starfsmenn hafa þá aðgang að.

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Í fámennu samfélagi eins og því sem stendur að baki Þingeyjarskóla, er nokkuð hátt hlutfall foreldra starfandi við einhverja deild skólans og óformleg samskipti eru mikil. Innan Þingeyjarskóla eru grunnskóladeild, leikskóladeild og tónlistardeild og nán tengsl og samskipti milli deildanna, einkum þó grunnskóla- og tónlistardeildar enn sem komið er þar sem leikskólarnir eru í öðru húsnæði. Þingeyjarskóli er einnig með mikil samskipti við Framhaldskólann að Laugum. Elstu nemendur sækja verklega kennslu í raungreinum að Laugum og nýta einnig góða íþróttaaðstöðu þar. Einnig taka elstu

nemendur einstaka framhaldskólaáfanga að Laugum. Í vetur eru svo allir nemendur í 8., 9. og 10 bekk með í vali tvo framhaldskólaáfanga að Laugum, í Lýðheilsu og Íþróttavali. Kennarar framhaldskólans sjá um kennsluna.

Skólastjóri grunnskólans er einnig yfirmaður frístundar sem starfrækt er í húsnæði skólans fyrir 1.-4. bekk og 5.-7. bekk, sem og félagsmiðstöð eldri nemenda, Skjálfanda, sem einnig er í húsnæði skólans þar sem áður var bókasafn sveitarinnar. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum úr skólastarfinu. Ýmsir viðburðir einkenna skólastarfið s.s. Haustgleði sem nemendur unglingsstigs sjá um ásamt einum umsjónarhópi yngsta stigs, en þá er m.a. sett upp leikrit í fullri lengd, og Vogleði sem nemendur miðstigs og einn umsjónarhópur yngsta stigs sjá um. Mikill metnaður er lagður í dagskrá og urðu matsmenn á meðan þeir voru á vettvangi mjög varir við alla þá sköpun og vinnu sem lögð var í undirbúning Vogleði. Það kom ítrekað fram í rýnihópum að tónlist og sköpun eru talin einkenna skólastarfið í Þingeyjarskóla. Á þessa viðburði sem og aðra sem skólinn boðar til mæta bæði foreldrar og aðrir úr samfélaginu.

Eldri borgarar í samfélaginu koma reglulega í skólann og nýta sér aðstöðu og félagsskap þar. Samskipti við foreldra eru almennt góð. Sendur er vikupóstur en foreldrar telja þó að upplýsingafræði frá skólanum gæti verið meira. Að mati foreldra er foreldrafélagið ekki komið á fullt skrið eftir sameiningu skólanna og flutning. Í foreldrakönnun kom fram að um 75% foreldra var ýmist ósáttur eða tók ekki afstöðu til fullyrðingar um að skólinn leitaði til þeirra um tillögur og hugmyndir. Þarna er sóknarfæri fyrir skólann og mikilvægt að þær hugmyndir sem fram koma í könnuninni verði nýttar til að efla foreldrasamstarfið.

Mikilvægt er að upplýsingar um skólastarfið berist til allra í skólasamfélaginu.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Í nýjum skóla í móttun er mikil vinna við innleiðingu á vinnubrögðum og stefnum. Skólanámskrá er í vinnslu, en flestir þættir hennar eru þegar tilbúnir. Ákveðið var að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi og hefur verið lögð mikil áhersla á að allir starfsmenn séu með í þeirri vinnu, t.d. fóru allir starfsmenn skólans í fræðsluferð til Bandaríkjanna til að kynna sér stefnuna saman. Símenntunarstefna skólans styður við þessa viðleitni.

Unnið er að skráningu verklags um hvernig gögn um árangur og líðan, s.s. kannanir og skimanir eru nýtt til að efla árangur nemenda. Einnig varðandi verklag um að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra.

Samkenntla er í skólanum og innleidd hefur verið teymisvinna kennara. Skólinn hefur verið að þróa sig sem „iPad skóli“ og einnig er verið að vinna að læsisstefnu. Þá er samvinnan við Framhaldskólann á Laugum um nám elstu nemenda í framhaldskólaáföngum nokkurs konar tilraunaverkefni sem báðir skólar fylgjast með. Flestir þessara þátta eru hluti af umbótaáætlunum skólans og koma fram í sjálfsmatskýrslu 2017-2018. Treysta þarf eftirfylgd með framkvæmd umbótatillagna.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennsludagafjölda sem og vikulegan kennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Á hverjum morgni tekur skólastjóri á móti nemendum þegar þeir koma með skólabílum og á við þá jákvæð persónuleg samskipti. Fylgst er með því að aðbúnaður skólans sé öruggur. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Nemendum er kynnt netöryggi. Skráð er hvar nemendur eiga aðkomu í nefndum og ráðum

og reynt er að tryggja að hlustað sé á sjónarmið þeirra og að þau nái fram að ganga. Daglegt starf í skólanum er vel skipulagt og starfsfólk er sátt við það.

Heimasíða skólans inniheldur ekki nægjanlegar upplýsingar um skólastarfið. Mikilvægt er að móta ritstjórnarstefnu fyrir síðuna. Jafnréttisáætlun skólans tekur bæði til nemenda og starfsmanna og henni fylgir aðgerðaráætlun. Skólinn er með áætlun gegn einelti, en áætlun um meðferð ágreiningmála er enn í drögum eins og fleiri stefnur sem unnið er að. Starfsfólk skólans hefur hinsvegar sett sér ákveðin leiðarljós í samskiptum þar sem lögð er áhersla á samkennd, traust og stuðning. Fulltrúar í skólaráð hafa hlotið lýðræðislega kosningu.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Af hálfu skólans hefur verið unnið markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu, en ekki var full eining í samfélaginu á sínum tíma um sameiningu skólanna og flutning.

Stjórnendur skólans skipta með sér verkum og funda reglulega. Formlegt skipurit liggur ekki fyrir. Leitast er við að skipa kennslu niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara. Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennara fá sérstakan stuðning og tengilið innan starfsmannahópsins.

Starfslýsingar liggja fyrir þar sem fjallað er um helstu verkefni starfshópa innan skólans. Áætlun fyrir starfsmanna- og kennarafundi liggur fyrir. Skólastjóri fylgist vel með skólastarfinu og starfsfólk telur sig fá hrós fyrir störf sín þegar við á. Starfsmannasamtöl eru árleg. Í Þingeyjarskóla er ekki kennarastofa, heldur kaffistofa starfsmanna.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Mannauður er vel nýttur og skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni annarra. Hann hvetur aðra til starfsþróunar og dreifir ábyrgð og gefur starfshópum/teymum skýr skilaboð um umboð til að leiða verkefni. Starfsfólki finnst það njóta trausts og „að allir hafi rödd“. Í foreldrakönnun kom fram að af þeim sem svöruðu voru vel yfir 70% foreldra ánægðir með skólann og sama hlutfall foreldra taldi að skólanum væri vel stjórnað.

Huga þyrfti betur að skráningu verkefna og hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra. Það má velta því fyrir sér hvort ekki þurfi að styrkja stjórnendateymi skóla með svo margvíslega starfsemi og krefjandi verkefni.

Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Í Þingeyjarskóla er ekki kennarastofa, heldur kaffistofa starfsmanna.
- Skólinn býður uppá fjölbreytta sérfræðipjónustu.
- Séstöðu skólans er haldið á lofti og skólasamfélagið sammála um að hún felist einkum í frábærri tónlistakennslu og flutningi tónlistar.
- Stuðlað er að markvissri starfsþróun og símenntunaráætlun, sem nær til allra starfsmanna, styður við áherslur og stefnu skólans.
- Mikill metnaður og sköpun einkennir undirbúning og uppsetningu hátíða skólans.
- Góð mæting er úr samfélaginu á þá viðburði sem skólinn býður til.
- Eldri borgarar koma reglulega í skólann og nýta sér aðstöðu og félagsskap þar.

- Allir starfsmenn skólans eru þátttakendur í innleiðingur uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga.
- Skólastjóri tekur á móti nemendum á hverjum morgni þegar þeir koma með skólabílum og á við þá jákvæð persónuleg samskipti. .
- Daglegt starf í skólanum er vel skipulagt og starfsfólk er sátt við það.
- Starfslýsingar liggja fyrir þar sem m.a. er fjallað er um helstu verkefni starfshópa innan skólans og verklag.
- Skólastjóri fylgist vel með skólastarfinu og starfsfólk telur sig fá hrós fyrir störf þegar við á.
- Skólastjóri hvetur aðra til starfsþróunar, dreifir ábyrgð og gefur starfshópum/teymum skýrt umboð til að leiða verkefni.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf vinnu við skólanámskrá og birta alla kafla hennar á heimasíðu.
- Birta starfsáætlun á heimasíðu og gæta þess að í henni séu allar þær upplýsingar sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir.
- Ljúka skráningu verklags um hvernig gögn um árangur og líðan, s.s. kannanir og skimanir eru nýtt til að efla árangur nemenda.
- Hafa samráð við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Stefna skólans sé skýrt fram sett, birt á heimasíðu skólans og kynnt markvisst fyrir foreldrum.
- Bæta upplýsingaflæði til foreldra um skólastarfið.
- Styðja betur við starf foreldrafélagsins.
- Heimasíða skólans þarf að innihalda meiri upplýsingar um skólastarfið.
- Ljúka þarf vinnu við skipurit skólans.
- Huga þyrfti betur að skráningu einstakra verkefna og hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra.
- Styrkja þyrfti sjórnendateymi skóla með svo margvíslega starfsemi og krefjandi verkefni.
- Skólaráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Fylgja vel eftir þeirri faglegu umræðu um mat á kennslu og nýbreytni í kennsluháttum sem fram fer í teymum.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Stefna Þingeyjarskóla endurspeglar áherslur sveitarfélagsins svo sem um samvinnu nemenda og kennara milli skólastiga og áherslur á tónlistaruppeldi í grunnskóla. Tónlistarskólinn, sem er samrekinn með grunn- og leikskólanum, skiptir miklu máli í skólasterfinu. Nemendur fara reglulega úr kennslustundum í tónlistarnám og yngri nemendur eru með kór á stundaskrá. Allir nemendur skólans læra á marimbahljóðfæri. Um marimbaleik nemenda hefur verið fjallað í fjölmiðlum og hafa nemendur farið í tónleikaferðir um landið og námsferðir erlendis.

Skólinn starfar eftir uppeldisstefnunni Jákvæður agi sem gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og virðingu, reisu, vinsemd og festu. Í skólanum má víða sjá veggspjöld sem minna á stefnuna. Á yngsta stigi er áberandi hversu stefnan hefur jákvæð áhrif á samskipti milli nemenda, og nemenda og kennara. Skólinn leggur einnig áherslu á Byrjendalæsi á yngsta stigi. Þá hefur skólinn hafið innleiðingu á notkun upplýsingatækni í skólasterfi og er að innleiða læsisstefnu.

Stignámskrár eru greinargóðar og byggja á aðalnámskrá og eru grunnþáttum menntunar gerð skil í áætlunum um nám. Stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar eða námshóps og er rökstuddur með einstaklingsnámskrá. Í stignámskrá í sumum námsgreinum kemur fram hvernig námsaðlögun er háttuð í námsgrein eða viðfangsefni og væri rétt að bæta því við í öllum námsgreinum.

2.2. Árangur náms

Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri eða bæta hann enn frekar. Það gera kennarar sameiginlega á stigsfundum og teymisfundum. Þingeyjarskóli nýtir Mentor til skráninga námsmats í skólanum og fram kom mikil ánægja kennara með matstækið Lesferil sem viðbót við annað námsmat í skólanum. Gerð er grein fyrir hæfniviðmiðum í stignámskrám skólans en gera þyrfti betur grein fyrir matskvörðum í stignámskrám eða skólanámskrá.


Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa.


Birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu einstök ár.

4. bekkur



Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku sýnir að hann hefur verið að aukast og mældist 2017-2018 nokkuð yfir landsmeðaltali. Árangur í stærðfræði var í kringum meðaltal en dalaði 2017-2018 og uppsafnað meðaltal sýnir að hann fer nokkuð undir meðaltal.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku hefur verið yfir landmeðaltali og hefur aukist þegar skoðað er uppsafnað meðaltal fyrir 2017-2018. Árangur í stærðfræði hefur legið við meðaltal en árangurinn hefur aukist lítillega þegar skoðaða er uppsafnað meðaltal fyrir 2017-2018.

9. bekkur

Frá árinu 2017 hafa samræmd könnunarpróf verið haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var við landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði en nokkuð undir í ensku.

10. bekkur



* Engin samræmd könnunarpróf árið 2016.

Árangur í 10. bekk í íslensku hefur verið yfir landsmeðaltal þegar uppsafnað meðaltal er skoðað en dalaði nokkuð á árunum 2013-2014 og mældist rétt við meðaltal en jókst svo lítillega aftur 2015-2017. Árangur í stærðfræði hefur einnig verið yfir meðaltali en dalaði 2013-2014 þegar uppsafnað meðaltal er skoðað og var rétt við meðaltal 2015-2017. Árangur í ensku hefur verið nokkuð fyrir neðan meðaltal þegar uppsafnað meðaltal er skoðað síðan 2013.


Skólinn nýtir Lesferill til að fylgjast með lesfimi (leshraða og nákvæmni) nemenda. Flestir árgangar eru með lesfimi um eða yfir landsmeðaltal, en vegna fámennis geta sveiflur verið nokkrar milli árganga. Myndir af lesferli eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda eru undir viðmiðum um birtingu.

Í foreldrakönnun kom fram að yfir 70% foreldra telja að barni þeirra finnist gaman í skólanum, það taki stöðugum framförum og að umsjónarkennari fylgist reglulega með námi barna þeirra. Þá telja foreldrar að barn þeirra njóti sanngirni og virðingar og að það sé öruggt í skólanum. 85% foreldra telja að barn þeirra sé hvatt til að leggja sig fram í náminu og fái nægilegar áskoranir. Tæplega 80% foreldra telja að börnum þeirra líði vel í skólanum.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru á vettvangi í 16 kennslustundum hjá öllum námshópum og flestum kennurum. Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum. Samkennsla árganga er í 1.-3. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Mikið er um teymiskennslu og notkun upplýsingatækni var í tæplega helmingi

kennslustunda sem matsmenn sátu. Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg og kennsluhættir voru fjölbreyttir. Í 38% kennslustunda voru kennarar einungis leiðbeinendur og nemendur voru í forgrunni þar sem kennslustundir voru skipulagðar þannig að nemendur hefðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða hafa bein áhrif á framgang eigin náms. Í 25% kennslustunda voru kennarar fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum og unnið var í vinnubókum eða verkefnum. Í 38% kennslustunda kynntu kennarar verkefni eða viðfangsefni kennslustundar og nemendur hófu vinnu við lausnarleit eða í samvinnu.



Skipulag kennslu og verkefna var gott og námstími nemenda vel nýttur. Nemendum var gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og fengust þeir yfirleitt við krefjandi viðfangsefni. Námsmat er fjölbreytt og gerð er grein fyrir hæfniviðmiðum í stigsnámskrám en gera þyrfti betur grein fyrir matskvörðum. Í einstaklingsnámskrám kemur fram hvernig tilhöggun stuðnings við einstaka nemendur er háttað. Boðið er uppá framhaldsskólaáfangu fyrir nemendur sem lokið hafa námsmarkmiðum grunnskóla í einstökum námsgreinum en í rýnihópi kennara kom fram að þeir vildu hlúa betur að bráðgerum nemendum.

2.4 Skipulag náms

Þingeyjarskóli er í eldra skólahúsnæði að Hafralæk og hafa verið gerðar miklar endurbætur á húsnæðinu. Aðstaða til náms er góð. Nemendur sækja íþróttakennslu í félagsheimilið að Ýdölum sem er staðsett við hlið skólans og sundkennslu á Laugum í Reykjadal. Nemendur í 5.-10. bekk stunda sund einu sinni í viku en 1.-4. bekkur í lotum, haust og á vor.


Stefna skólans er meðal annars teymiskennsla og bera kennarar sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu og skapa þannig fjölbreyttar námsaðstæður. Fram kom að kennarar væru almennt sáttir við teymiskennslu en þeir væru enn að þróa skipulagið. Verkaskipting væri misjöfn milli kennarateyma, sumir skipulegðu kennslu saman en aðrir skiptu fögum á milli sín.

Þingeyjarskóli hefur verið að innleiða ípad notkun í skólanum. Nemendur á unglíngastigi fá ípad til afnota, hver og einn. Yngsta og miðstigi fá einnig afnot af ípad í kennslu. Þá er skólinn að þróa áfram notkun á google classroom og fá nemendur á unglíngastigi í auknum mæli að skila heimaverkefnum þar í gegn. Í vettvangsathugun var notkun á upplýsingatækni mjög sýnileg eða í tæplega helmingi kennslustunda sem matsmenn sátu. Kennarar voru sammála um að með aukinni notkun

upplýsingatækni í kennslu kæmi meiri fjölbreytni og auðveldara væri að koma til móts við nemendur með lestrar- eða skriftarerfiðleika. Nemendur hefðu oft val um hvaða aðferð þeir notuðu í námi sínu. Stuðningur stjórnenda við upplýsingatækni er mikill og fá allir kennarar afnot af ípad. Ekki var gerð áætlun um notkun upplýsingatækni þegar spjaldtölvur voru teknar í notkun né matskvarðar um árangur, en það væri æskilegt að gera til að fylgja innleiðingu betur eftir.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum svo sem í Byrjendalæsi á yngsta stigi og á vorþemadögum þar sem lögð er áhersla á útivist, leiki, náttúruskoðun, sveitaheimsóknir og starfskynningar. Haust- og Vorgleði er haldin ár hvert í skólanum. Á Haustgleði setja nemendur unglingsstigs og hluti yngsta stigs upp söngleikrit. Á Vorgleði sjá nemendur miðstigs og hluta yngsta stigs um skemmtiatriði og sjá nemendur unglingsstigs um kaffihlaðborð að skemmtun lokinni.

Mikil áhersla var lögð á markvissa þjálfun á samvinnu nemenda eða í 50% kennslustunda sem matsmenn sátu. Í 12 % kennslustunda voru nemendur einungis að vinna einstaklingslega. Í 38% kennslustundum voru nemendur að vinna að hluta til einir og hluta til í samvinnu við aðra nemendur.



2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum og var það áberandi í öllum námshópum. Nemendum voru ljós þau markmið sem kennari setti þeim með kennslustundum en voru ekki vel kunnugir hæfniviðmiðum. Sumir nemendur könnuðust þó við að hafa fengið kynningu á þeim. Mikilvægt er að nýta stigsnámskrár líka sem vinnuskjal fyrir nemendur til að gera þá meðvitaðri í námi.

Nemendur setja sér markmið í lestri í foreldraviðtölum að hausti. Gott væri að þjálfar nemendur í að setja sér markmið í öllu námi og gera þá þannig ábyrgari í eigin námi. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum kennsluaðferðum og voru áhugasvið og hæfileikar nemenda sýnilegir í verkefnum. Í vettvangsathugun var vel sýnilegt að nemendur fengu í stigvaxandi mæli kost á að velja viðfangsefni og námsstíl. Námsmat er fjölbreytt en leggja mætti meiri áherslu á að nemendur þjálfist í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.

Nemendur í 8.-10. bekk eiga kost á vali í um fimmtungi tímans. Val nemenda í Þingeyjarskóla er fjölbreytt miðað við smæð skóla og er boðið uppá 9 valgreinar yfir skólaárið 2018-2019. Meðal

valgreina er áhugasviðsval þar sem nemendur hafa mikið val um viðfangsefni. Þá ákveða nemendur sjálfir hvernig þeir vinna verkefni og í hvaða formi þeir skili því í samráði kennara. Í áhugasviðsvali byggist mat m.a. á leiðabók nemanda og sjálfsmati. Þingeyjarskóli hefur verið í samstarfi við framhaldsskólann á Laugum og fengið að nýta góða aðstöðu þar til verklegrar kennslu í raungreinum einu sinni í viku ásamt því að allir nemendur í 8.-10. bekk taka tvo framhaldsskólaáfanga að Laugum, íþróttaval og lýðheilsuval.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins og nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs. Nemendur töldu sig m.a. hafa áhrif á fyrirkomulag frímínútna í skólanum eftir að það var tekið upp á skólapingi. Nemendur taka þátt í skólaráði og nemendaráði og fá þannig reglulega að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nemendasamtöl eru regluleg sem og kannanir á líðan og tengslum.

Styrkleikar

- Mikil áhersla á tónlistaruppeldi í skólanum.
- Samvinna er markvisst þjálfuð.
- Mikil áhersla á upplýsingatækni og fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Kennarar starfa í teyllum og er lögð áhersla á að teymin starfi sameiginlega að verkefnum og deili ábyrgð.
- Nemendum er kennt í aldursblönduðum hópum sem undirstrikar að allir eru einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Samstarf við framhaldsskólann á Laugum.
- Nemendur skólans hafa náð góðum árangri á samræmdum könnunarprófum.
- Reglulega er boðið uppá nemendasamtöl.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs og um líðan þeirra og félagslegar aðstæður.

Tækifæri til umbóta

- Námaðlögun þyrfti að koma betur fram í stignámskrám.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá eða stignámskrám.
- Hlúa betur að bráðgerum nemendum.
- Gera áætlun um notkun upplýsingatækni og matskvarða um árangur
- Kynna stignámskrár betur fyrir nemendum til að gera þá meðvitaðri í námi.
- Þjálfar nemendur í að setja sér markmið í námi og þeir taki þátt í að meta eigin framfarir.

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitíð mikilvægur hluti skólastarfsins. Við stofnun Þingeyjarskóla var ákveðið að nota Gæðagreina 2 sem megin matstæki og var þar byggt á reynslu Hafralækjarskóla. Vinnan lá niðri eitt skólaár, en fyrir haustið 2017 var unnin matsáætlun fyrir þrjú skólaár og á þeim tíma er áætlað að fara eina umferð gæðagreinnanna sem eru alls 9. Niðurstaða úr gæðagreini gefur einkunn og er markmiðið að fá sem hæsta einkunn. Enn sem komið er hefur val matsþátta ráðist af fyrirfram ákveðnum gæðagreinunum og öðrum þáttum ekki verið bætt við. Val matsþátta þarf að byggjast á stefnu skólans og helstu viðfangsefnum hverju sinni.

Allir hagsmunaaðilar kannast við að hafa tekið þátt í könnunum vegna innra mats en einungis starfsfólk skólans kemur að beinni vinnu við matið. Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Þar kemur m.a. fram að ásamt Gæðagreinum er stuðst við uppgjör á ýmsum verkefnum, s.s. árlegum þemavekefnum og hátíðum skólans. Einnig fer reglulega fram mat á framförum og árangri nemenda. Nemendasamtöl eru regluleg sem og kannanir á líðan og tengslum.

3.2 Framkvæmd

Matsteymi kennara heldur utanum vinnuna við innra matið en framkvæmdin er á ábyrgð skólastjóra. Vinnan fer m.a. fram á starfsmannafundum þar sem ákveðin mál eru tekin fyrir og á fundaplani fyrir önnina er gert ráð fyrir fundum vegna innra mats. Aðrir hagsmunaaðilar, foreldrar og nemendur, geta haft aðkomu í gegnum skólaráð og er mikilvægt að virkja skólaráð í þeim tilgangi. Fram kemur í þróunaráætlun að vilji er til þess að virkja foreldra meira til þátttöku í áætlunargerð og námsmati.

Árangur í námi er metinn reglulega í teyllum kennara þar sem fagleg umræða fer fram. Þar er einnig fjallað um nýngar í kennsluháttum og þær metnar. Skólastjóri fylgist með þeirri vinnu en ekki skipulega. Að vori hefur verið uppgjör með nemendum, aldursblandað, á því hvernig hefur til tekist; hvað er minnisstætt frá vetrinum og þá leitað eftir tillögum þeirra til úrbóta ef þarf.

3.3 Umbætur

Sjálfsmatsskýrsla veturinn 2017-2018, sem lýsir mati samkvæmt Gæðagreinum, er öllum aðgengileg á heimasíðu skólans. Hluti af henni er matsáætlun til næstu skólaára. Einnig eru þar matssamantektir þar sem fjallað er um sterkar og veikar hliðar skólastarfsins, hvaða þættir eru mikilvægastir og tillögur um aðgerðir. Þá fylgir umbótaáætlun um það sem þarf að gera, hver á að gera það, hvenær, hvað þarf til og hvernig á að meta árangur. Eftirfylgni þróunaráætlunar þyrfti að vera markvissari og reglulega þyrfti að fara yfir stöðu þeirra umbótaverkefna sem ráðast átti í skv. þróunaráætlun hvers gæðagreinis. Tryggja þarf að niðurstöður innra mats séu formlega kynntar fyrir hagsmunaaðilum og að þeir geti tekið virkan þátt í umræðu um þróun og umbætur á skólastarfinu.

Fram kom í samtölum á vettvangi að niðurstöður innra mats hafa haft áhrif á skólastarfið og einnig matsfundir með nemendum.

Styrkleikar

- Á fundaáætlun fyrir önnina er gert ráð fyrir fundum vegna innra mats.
- Við innra mat er, auk Gæðagreina 2, stuðst við uppgjör á ýmsum verkefnum, s.s. árlegum þemaverkefnum og hátíðum skólans.
- Allt starfsfólk grunnskólans kemur að einhverju leyti að innra matinu.
- Árangur í námi er metinn í teyrum kennara þar sem fagleg umræða fer fram.
- Nemendasamtöl eru regluleg sem og kannanir á líðan og tengslum.
- Að vori hefur verið uppgjör með nemendum, aldursblandað, á því hvernig hefur til tekist; hvað er minnstætt frá vetrinum og þá leitað eftir tillögum þeirra til úrbóta ef þarf.
- Sjálfsmatsskýrsla veturinn 2017 – 2018, sem lýsir mati samkvæmt Gæðagreinum 2, er öllum aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Til er matsáætlun til næstu skólaára.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að skólaráð fjalli um innra mat skólans, matsáætlanir og niðurstöður kannana.
- Val matsþátta þarf að byggjast á stefnu skólans og helstu viðfangsefnum.
- Eftirfylgni umbótaáætlana þarf að vera markvissari og reglulega þarf að fara yfir stöðu þeirra umbótaverkefna sem ráðast átti í skv. þróunaráætlun hvers gæðagreinis
- Tryggja þarf að niðurstöður innra mats séu formlega kynntar fyrir hagsmunaaðilum og að þeir geti tekið virkan þátt í umræðu um þróun og umbætur á skólastarfinu.